

Innanríkisráðherra og aðrir fundargestir – verið velkomin á SFF daginn.

Samtök fjármálafyrirtækja, SFF, eru málsvari og rödd fjármálafyrirtækja á Íslandi. Innan samtakanna eru 28 fjármálafyrirtæki, m.a. bankar, eignaleigufyrirtæki, kortafyrirtæki, sparisjóðir, tryggingafélög og verðbréfafyrirtæki.

Markmið og starf SFF snýst um að hér á landi sé traust og öflugt fjármálakerfi sem sinnir þörfum einstaklinga og atvinnulífs og þjónar hagsmunum íslensks samfélags.

Allir vita að fjármálakerfið hefur staðið í ströngu á undanförunum árum. Framundan eru enn frekari breytingar og áskoranir. Ég ætla í þessu erindi mínu hér að fjalla um fimm þessara þátta.

Í fyrsta lagi: **stafræn tækni.**

Staðreyndin er sú að stafræn tækni er að umbylta fjármálaþjónustu um allan heim og því höfum við valið þetta efni fyrir fundinn hér í dag.

Fram eru að koma nýjar tæknilausnir í fjármálaþjónustu. Þá eru nýjir aðilar að koma inn á markaðinn, t.d. Apple, og á sama tíma er eftirspurnin eftir fjármálaþjónustu að breytast.

Í nýrri tækni felast tækifæri, bæði fyrir viðskiptavinum og fjármálafyrirtæki. Þjónustan verður einfaldari og ódýrari, öryggi eykst og aðgangur að fjármálaþjónustu batnar.

Á hinn bóginn felur ný tækni einnig í sér hættur sem geta valdið verulegri röskun á fjármálakerfum og fjármálastöðugleika, skaðað orðspor og valdið fjárhagslegu tjóni, ekki bara fyrir fjármálafyrirtæki heldur viðskiptalífið almennt sem og hið opinbera.

Að mínu mati þarf að koma á framsækinni löggjöf hér á landi til verjast netógn og glæpum. Skerpa þarf á ákvæði um að ef brotist er inn í tölvukerfi og gögn skoðuð eða afrituð án heimildar að þá sé hægt að sækja á slíka aðila til ábyrgðar.

Við þurfum öflugt samstarf til að bregðast við nýjum aðstæðum. Núverandi fyrirkomulag er of þunglamalegt. Við þurfum öflugar varnir, þar með talið gegn peningaþvætti og hryðjuverkum.

Við þurfum að nýta gögn með markvissari hætti til að flýta og bæta ákvarðanatöku og þjónustu og nota rafrænar undirskriftir í ríkara mæli.

Stafræn viðskipti verða sífellt mikilvægari. Evrópusambandið vinnur nú að því að skapa sameiginlegan stafrænan markað og er það eitt at tíu áhersluatriðum framkvæmdastjórnarinnar til að auka hagvöxt. Fjármálafyrirtæki fylgjast vel með og taka þátt í þróuninni. Sem dæmi þá

hafa Evrópsku bankasamtökin sett fram tillögur um hvað þurfi að gera til að byggja upp öfluga innviði fyrir stafræna tækni. Upplýsingar um það má kynna sér í ársriti SFF, sem hér liggur frammi (en þar er QR kóði á bls. 22 sem þið getið lesið með símanum ykkar ef þið viljið nálgast efnið beint).

En það er fleiri áskoranir en stafræna byltingin. Í öðru lagi ætla ég ræða um **skuldastöðu**.

Undanfarin ár hefur mikið og árangursríkt starf verið unnið við að aðstoða heimili og fyrirtæki við að komast úr fjárhagslegum erfiðleikum. Skuldastaða heimila og fyrirtækja er orðin tiltölulega góð. Hið opinbera skuldar enn mikið en á mikla möguleika á að laga sína stöðu vegna stöðugleikaframlaga fallinna banka og með sölu eigna.

Einn af lærdómum fjármálakreppunnar er að almenn og mikil skuldsetning getur verið varhugaverð fyrir hagkerfið í heild. Heimili og fyrirtæki þurfa að gæta sín á að stilla skuldum í hóf. Og það er mikilvægt að lánveitendur komi fram af ábyrgð og meti skuldaþol viðskiptavina sinna af kostgæfni, það má ekki fara offari í lánveitingum. Á sama hátt er mikilvægt að hið opinbera lækki skuldir sínar til að geta betur tekist á við næstu niðursveiflu í hagkerfinu. Með því sparast líka vaxtagreiðslur og lánshæfiseinkunn batnar sem leiðir til lægri vaxtakostnaðar sem kemur okkur öllum hér á landi til góða.

Í þriðja lagi: **breytingar á fjármálafyrirtækjum og samkeppnisstaða þeirra**.

Verulegar breytingar hafa orðið á stöðu fjármálafyrirtækja á undanförunum árum. Sparisjóðum hefur fækkað mikið, stærri tryggingafélögin eru nú skráð í kauphöll, greiðslukortafyrirtækin búa við önnur starfskilyrði og breytt eignarhald og verðbréfafyrirtæki hafa verið að styrkja sína stöðu m.a. með sameiningum. Bankarnir hafa minnkað mikið, þeir hafa farið úr um 8-faldri landsframleiðslu fyrir hrun í um 1,5-falda landsframleiðsla þegar nauðasamningar föllnu bankanna verða að baki. Í löndum Evrópu eru bankakerfin að meðaltali um 3-föld landsframleiðsla og því er íslenska bankakerfið aðeins um helmingur af því sem þar tíðkast.

Búið er að vinna mikið starf við að styrkja fjárhagsstöðu fjármálafyrirtækjanna og hagræða í kerfinu en við þurfum að draga enn meira úr kostnaði.

Samtök fjármálafyrirtækja fengu alþjóðlega ráðgjafafyrirtækið Oliver Wyman til að vinna skýrslu um möguleika á auknu samstarfi í rekstri á grunnkerfum fjármálakerfisins til að draga úr kostnaði. Skýrsluna má finna á vef SFF og umfjöllun um hana er í ársriti SFF.

Í skýrslunni er fjallað um fjölda dæma um árangursríkt samstarf í nágrannalöndum okkar. Þar er samstarf um rekstur grunnkerfa vaxandi og mun meira en talið hefur verið eðlilegt hér á landi, m.a. út frá samkeppnissjónarmiðum. Ég sé enga ástæðu til þess að samstarfið á þessu sviði hér á landi geti ekki verið með sama hætti og erlendis.

Ég vil sérstaklega benda á að skattar á fjármálafyrirtækin eru mun hærri hér á landi en erlendis. Þessu miklu skattar draga úr samkeppnishæfni atvinnugreinarinnar og um leið Íslands, þar sem þeir leggjast í raun á heimilin og fyrirtækin í landinu. Skattahækkunarir á fjármálakerfið þurfa að ganga til baka, enda voru þær gerðar til að fjármagna sértækar og tímabundnar aðgerðir.

Ágætu fundargestir.

Þá er komið að fjórða liðnum: **innleiðing á nýjum lögum og reglum.**

Lög og regluverk sem gilda um fjármálafyrirtæki og eftirlit með þeim hefur tekið miklum breytingum á undanförunum árum og þessar breytingar hafa haft mikil áhrif.

Það er þess vegna með nokkrum ólíkindum að í opinberri umræðu sé því oft og iðulega haldið fram að ekkert hafi verið gert í að breyta lögum sem gilda um fjármálamarkaðinn og að tími sé kominn til að fara í aðgerðir.

Hið rétta er að engin atvinnugrein hefur gengið í gegnum eins miklar breytingar á lögum og reglum og fjármálafyrirtæki hafa gert á undanförunum árum. Og það sér ekki fyrir endann á þessum breytingum.

Samtök fjármálafyrirtækja telja að lög, reglur og starfsumhverfi hér á landi eigi að endurspeglar það sem best gerist í fjármálakerfi á Evrópska efnahagssvæðinu. Þannig aukum við tiltrú erlendra fjármálamarkaða, bætum þjónustu, aukum vernd fjárfesta og neytenda og jöfnum samkeppnisstöðu.

Framundan eru frekari breytingar á alþjóðlegu regluverki um fjármálamarkaðinn sem hafa verið í þróun eftir fjármálahrúnið. Allar hafa þær sama markmið, að forða því að sagan endurtaki sig, draga úr áhættu og auka skilvirkni á markaði. Þessi innleiðing verður kostnaðarsöm og í henni felst mikil áskorun fyrir fjármálafyrirtækin og stofnanir hins opinbera. Listinn yfir breytingarnar er langur og mun hafa víðtæk áhrif á allar tegundir fjármálafyrirtækja og á markaðinn í heild.

Nefna má: breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki (CRD IV og CRR), lög um neytendalán og fasteignalán, heildarlög um váttryggingastarfsemi (Solvency II), lög um fjármálasamstæður, tilskipanir um viðbúnað, skil og slit fjármálafyrirtækja, greiðslumiðlun, viðskipti með afleiður,

skortsölu, greiðslumiðlun og verðbréfavíðskipti (MIFID II). Svo er ætlunin að koma upp bandalagi um fjármagnsmarkaði (Capital Markets Union).

Þá er umræða í Evrópu um að setja takmarkaðnir á starfsemi allra stærstu banka í álfunni (Banking Structural Reform).

Einnig er rétt að minnst á aukið eftirlit en settar hafa verið upp nýjar samevrópskar eftirlitsstofnanir á fjármálamarkaði, um verðbréfamarkað, bankamarkað og trygginga- og lífeyrissjóði.

Nýr reikningsskilastaðall, IFRS 9 er svo eitt flækjustigið enn.

Það er vegna alls þessa sem við í Samtökum fjármálafyrirtækja segjum: Ekki bæta ofan á þetta allt með íþyngjandi sér-íslenskri viðbót í lög og reglur. Slíkt dregur einungis úr samkeppnishæfni landsins.

Miklar skorður á starfsemi fjármálafyrirtækja geta komið niður á þjónustu og getu fyrirtækjanna til að sinna viðskiptavinum, mæta óskum stærri lögaðila og bjóða almennt samkeppnishæf kjör. Lánshæfiseinkunn fjármálafyrirtækja getur sömuleiðis versnað með tilheyrandi áhrifum á lánskjör þeirra. Það verður að hafa í huga að lánsþæfismatsfyrirtækin líta m.a. til tekna við sitt mat og þau hafa bent á veikleika fjármálafyrirtækja hér á landi til að víkka tekjugrunn sinn vegna þess hversu einhæft íslenska hagkerfið er.

Ef lög og reglur verða of íþyngjandi er einnig hættu á að fjármálaþjónusta færirist í auknum mæli frá eftirlitsskyldum aðilum til annarra aðila sem ekki lúta eins ströngu og virku eftirliti en það getur leitt til aukinnar áhættu og minni verndar fyrir neytendur og fjárfesta.

Og í lokin, í fimmta lagi: **orðspor og traust.**

Orðspor fjármálamarkaðarins laskaðist verulega í hruninu. Stjórnendur og starfsfólk fjármálafyrirtækja eru vel meðvituð um að sú áhættumening sem viðgekkst fyrir hrun var ekki ásættanleg. En það er eins og sumir haldi að ekkert hafi breyst – sem er auðvitað kolrangt. Gagnrýni getur verið til góða, en gagnrýni á íslenska fjármálakerfið hefur verið viðvarandi og óvægin. Gagnrýnin hefur oft á tíðum verið ósanngjörn og byggst á sleggjudómum. Það er oft erfitt að bregðast við slíkri umræðu.

Staðreyndin er sú að unnið hefur verið markvisst í að breyta starfsháttum í fjármálafyrirtækjunum, svo sem með bættri áhættustjórnun og eftirliti.

Vantraust er því miður enn mikið og það er verk að vinna, ekki bara varðandi fjármálafyrirtæki heldur í samfélaginu öllu. Þrátt fyrir að alið sé víða á tortryggni þá eru sem betur fer teikn á lofti um að traust viðskiptavina á fjármálafyrirtækjunum sé jafnt og þétt að aukast.

Ég má til með hér í lokin að nefna starf SFF og starfsmanna aðildarféлага samtakanna við að efla fjármálalæsi meðal ungs fólks í landinu með því að halda úti öflugum fræðslustarfi í skólum landsins. Námsefnið kallast Fjármálavit og er sérsniðið fyrir unglunga. Það er ánægjulegt að sjá hvað þetta framtak hefur mælst vel fyrir hjá nemendum, kennurum og skólastjórnendum. Það er fullt tilefni til að halda áfram á sömu braut og það ætlum við að gera.

Góðir fundarmenn

Núna eru ákveðin tímamót. Uppgangur er í hagkerfinu, m.a. vegna aðgerða fjármálafyrirtækja og stjórnvalda við að aðstoða viðskiptavinum í fjárhagslegum erfiðleikum, kaupmáttur er mikill og atvinnuleysi er lítið.

Tækifæri til áframhaldandi hagvaxtar eru mikil á næstu árum en ef ekki er haldið vel á spilunum er einnig áhætta til staðar. Öflugt fjármálakerfi er lykilatriði við að tryggja sjálfbæran hagvöxt á Íslandi á næstu árum.

Um leið þurfum við að hafa í huga að viðskiptaumhverfið er á stöðugri breytingu, m.a. vegna starfrænnar tækni.

Það er von okkar að dagskrá fundarins í dag varpi ljósi á þau tækifæri og þær hættur sem fylgja þessum breytingum.